

aður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna: Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tilnefna tvo menn, Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem tilnefnir tvo, og Ferðamálasamtaka Íslands, sem tilnefna einn.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum mála-flokkum. Í undirnefndir er heimilt að skipa menn sem ekki eiga sæti í Ferðamálaráði.

4. gr.

Á eftir 1. tölul. 7. gr. laganna kemur nýr töluliður og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það:

2. Rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ragnar Arnalds.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.

16. mars 1999

Nr. 15

LÖG

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gjaldið skal vera 6.800 kr. og greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Er því ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorðs en 5% gjaldsins skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim sem greitt hafa útflutningsgjald skv. 5. gr. frá gildistöku laga nr. 84/1997, um búaðargjald, þar til lög þessi öðlast gildi skal endurgreiddur sá hluti gjaldsins sem runnið hefur til Búnaðarmálasjóðs.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 16

16. mars 1999

LÖG**um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla
og skipulegra tilboðsmarkaða.**

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „ECU“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: evrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra.
- b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „33 $\frac{1}{3}$ %“ í 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 50%.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 42. gr., svohljóðandi:

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um opinbera skráningu verðbréfa og framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Finnur Ingólfsson.